

Ed.

75. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22, nóv. 1907.

Flutningsmaður: Kristinn Danielsson

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að öllu.

SÝSLUMADURINN Í GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLU.

Hafnarfirði 9. júlí 1914.

Eins og meðfylgjandi útdrættir af fundargjörðum Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 15. og 17. apríl þ. á. bera með sjer, hafa sýslurnar hvor um sig veitt 300 kr. á þessu ári til aðgerðar á sýsluveginum á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, báðum sýslunum tilheyrandi, sem liggur á milli bæjarlandanna, eða frá Hafnarfjarðarhrauni að Fossvogi, þar af sýsluvegur Kjósarsýslu frá Kópavogi að Fossvogi; en við fjárveiting Kjósarsýslu er hnytt þeirri ályktun sýslunefndarinnar, að vegur þessi frá næstu áramótum skuli feldur úr tölu sýsluveganna, þar vegarspotti þessi sje mjög lítið notaður af sýslubúum, og sýslunni á hinn bóginn ofvaxið að gera hann svo úr garði sem fjölfarna akbraut, að hann sem slíkur komi að fullum notum, og það sama er að segja um, og engu síður að því er Gullbringusýslu snertir, þar óbærilegar byrðar, eingöngu út af kostnaði til sýsluvega, hvíla á sjóði sýslunnar, og vegur sá, sem hjer er um að ræða — frá Hafnarfjarðarhrauni að Kópavogi — er allangur, og mundi kosta mjög mikið, ef lagður væri sem flutningabraut, sem bráðnaudsynlegt er að gert verði hið allra bráðasta, helst nú þegar á þessu sumri, þar bifreiðarferðir um veginn, auk mjög mikillar umferðar af öðrum vögnum vetur sem sumar, eru orðnar svo tíðar, að enginn vegarspotti landsins er svo fjölfarinn, eins og gefur að skilja, þar sem vegurinn liggur á milli 2ja náinna kaupstaða, og auk þess er hann farinn af öllum þeim fjölda manna, er Vífilstaðaheilsuhælið sækja, og þungaflutningur frá og til hælísins allur er yfir veg þenna eða beggja sýslanna á þessu svæði. Hefir nú undanfarið af sýslunefndum og svo bæjarstjórn Hafnarfjarðar verið skorað á Alþingi að taka veg þennan upp í tölu flutningabrauta, og samkvæmt meðf. útdrætti af fundargjörð Gullbringusýslu er áskorun þessi á síðasta aðalfundi hennar endurnýjuð.

Þar sem nú fyrirsjáanlegt er, að hjer um ræddir vegakafar sýslanna, þótt sýsluvegir yrðu framvegis kallaðir, með framlagi eingöngu úr sýslusjóðunum, ekki geta fullnægt hinn miklu umferð um þá, og þeir báðir hlutfallslega mjög lítið eru notaðir af sýslubúum, heldur miklu fremur af íbúum kaupstaðanna beggja og landsmönnum öllum yfir höfuð, leyfi jeg mjer virðingarfylst að fela yður, háttvirti herra alþingismaður, nú þegar á þessu yfirstandandi aukþingi, fyrir hönd og i umboði sýslunefndanna, að gera yðar ítrasta til þess, annaðhvort i frumvarpsformi eða á annan hátt, er yður þykir best við eiga, að fá lögum á þessu vandræða ástandi, að því er umferð um veg þennan snertir, þannig að á landssjóðskostnað verði sem fyrst með aukafjárveitingu, ef þess væri kostur, lagður vegur á milli kaupstaðanna, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er fullnægjandi sje nú og framvegis. — Þess skal getið að nú eru auglýstar 22 ferðir daglega með bifreiðum á milli kaupstaðanna, sem þó eigi, að sögn bifreiðamanna, er fullnægjandi, og daglega koma kvartanir yfir að vegurinn á einn eða annan hátt sje ófær, og hefir þó þegar verið varið til aðgerðar á honum þ. á. um 500 kr. úr sýslusjóði Gullbringusýslu og um 200 kr. úr sýslusjóði Kjósarsýslu, og

óhjákvæmilegt verður nú á þessu sumri, að endurbæta allar brýr á veginum, sem lífshætta er að nota til bifreiðaferða, enda eigi bygðar í því skyni upprunalega, bæði ofmjóar, eins og einnig vegur sjálfur, og veigalitlar. —

Magnús Jónsson.

Til

herra alþingismanns, próf. síra Kristins Danielssonar

Alþingi.